

# Vélsmiðjan Héðinn 30 ára

Hinn 1. nóvember síðastliðinn var Vélsmiðjan Héðinn 30 ára, en verkstæði það, sem smiðjan er risin upp af 60 ára. Árið 1892 stofnaði Sigurður Jónsson, einn af þekktustu járnsmiðum þessa bæjar þá, járnsmiðju í húseigninni Aðalstræti 6 í Reykjavík, sem hann hafði keypt sama ár. Hjá Sigurði lærði járn-

smiði Bjarnhéðinn Jónsson og keypti af honum smiðjuna með bakhluta lóðar allrar eignarinnar árið 1900, og rak þar járnsmiðju til dauðadags, 31. des. 1920.

Bjarnhéðinn, sem arftaki Sigurðar Jónssonar að smiðjustarfinu í Aðalstræti 6, hélt uppi þeim heiðri og því áliti, sem Sigurður hafði þegar áunnið smiðjunni, og var því um þekkt og virt fyrirtæki að ræða, þegar Bjarnhéðinn féll frá. Enginn varð þó til þess að taka upp starfið þar næsta ár, en árið þar á eftir, eða haustið 1922, keyptu tveir ungir og áhugasamir

vélfræðingar, eignina af ekkju Bjarnhéðins, og hófu þar rekstur vélsmiðju 1. nóv 1922.

Þessir menn voru þeir Bjarni Þorsteinsson, vélfræðingur, sonur Þorsteins Jónssonar járnsmiðs í Reykjavík og Markús Ívarsson, vélstjóri frá Vorsabæjarhjáleigu í Flóa.

Járnsmiðju Bjarnhéðins keyptu þessir tveir ungu menn og breyttu henni í vélsmiðju.

Í byrjun var vélakosturinn ekki mikill, aðeins 5 vélar. En eigendurnir voru ótulir, áráðnir, hagsýnir og liprir, enda ágætlega samhentir og höfðu samanlagt alla þá kosti til að bera, sem þarf til þess að starfrækja stórt fyrirtæki og stjórna verki, og hjá því gat þessvegna ekki farið, að smiðjan dafnaði í höndum þeirra. Þrátt fyrir fjárskort og aðra erfiðleika tókst þeim fljótlega að auka vélakost smiðjunnar og síðan húsnæði hennar, svo að þegar þeir féllu frá, Bjarni þann 9. des 1938 og Markús 23. ágúst 1943, var fyrirtækið orðið eitt af stærstu og þekktustu iðnfyrirtækjum þessa bæjar.

Byggingar Héðins við Seljaveg.

